
Breyting á framkvæmd, fiskeldisstöðin Fellsmúla, Landsveit, Rangárþingi Ytra Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 6. júlí 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning Íslenskrar Matorku ehf. um fyrirhugaða breytingu á eldi í fiskeldisstöðinni Fellsmúla, Landsveit, Rangárþingi ytra, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnun (dýralæknir fisksjúkdóma) og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá:

- Skipulagsnefnd Rangárþings ytra með tölvubréfi dags. 19. ágúst 2015
- Fiskistofu með bréfi dags. 2. september 2015
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 23. júlí 2015
- Matvælastofnun (dýralæknir fisksjúkdóma) með bréfi dags. 20. júlí 2015
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. ágúst 2015

Umsagnir voru sendar framkvæmdaraðila sem staðfesti móttöku þeirra með tölvupósti 7. september 2015.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur að samkvæmt gildandi starfsleyfi er heimilt að framleiða allt að 350 tonn af bleikju- og borrhaseiðum í fiskeldisstöðinni í Fellsmúla. Nú óskar félagið eftir því að starfsleyfi verði breytt þannig að heimilt verði að framleiða í stöðinni árlega allt að 350 tonnum af bleikju-, lax-, regnboga- og borrhaseiðum. Áform félagsins eru þau að dregið verði úr framleiðslu á borrhaseiðum og að hægt verði að framleiða lax-, regnboga- og bleikjuseiði í stöðinni til að auka á sveigjanleika í rekstri.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í umsögnum skipulagsnefndar Rangárþings ytra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnun (dýralæknir fisksjúkdóma) og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsnefnd Rangárþings telur að breytingin muni ekki hafa í för með sér breytingar á meginskilmálum deiliskipulags eða á umhverfi stöðvarinnar. Fiskistofa bendir á að áhætta sem breyting í rekstrinum kundi að hafa í för með sér sé einkum vegna eldisfisks sem kundi að sleppa, en í framlögðum gögnum komi fram að frárennsli sé á yfirfalli í gegnum malarsíu og rist og fullyrnt að líkur á að seiði berist í Mylluvallalæk séu hverfandi.

Matvælastofnun (dýralæknir fisksjúkdóma), telur að eldið muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskstofna sem fyrir eru í nálægu vistkerfi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt framlögðum gögnum muni fyrirhuguð breyting ekki hafa áhrif á viðtaka þar sem eingöngu sé verið að breyta magni einstakra tegunda en



heildarmagn af seiðum verði ávallt innan starfsleyfismarka. Stofnunin telur ekki líklegt að fyrirhuguð breyting muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Fyrir liggur heimild Íslenskrar Matorku til að framleiða árlega allt að 350 tonn af bleikju- og borrhaseiðum í fiskeldisstöðinni í Fellsmúla. Fyrirtækið áformar breytingar á framleiðslu sem felst í því að framleiða sama magn af bleikju-, laxa-, regnboga- og borrhaseiðum til að auka á sveigjanleika í rekstri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra breytinga í rekstri fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla verði óveruleg þar sem eingöngu er verið að opna fyrir möguleika á eldi seiða fleiri tegunda en áður, en ekki auka heildarmagn framleiðslunnar. Fram kemur að búið er að gera úrbætur í frárennismálum sem minnka grugg í frárennsli um allt að 90% og einnig verið komið upp hringrásarkerfi á vatni innan stöðvarinnar þannig að dregið hefur verið úr vatnsnotkun við hvert framleitt kíló af fiski.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenskrar matorku ehf. við tilkynningu og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á rekstri fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla, Landsveit, Rangárþingi ytra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslensk matorka ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2015.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson